



FUNDARGERÐ

5. eigendafundur SORPU bs. var haldinn mánudaginn 1. september 2014 kl. 10:30 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting:

Fulltrúar eigenda:

Dagur B. Eggertsson, Reykjavík
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, Seltjarnarnesi
Haraldur L. Haraldsson, Hafnarfirði
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogi

Frá SORPU bs:

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs.
Halldór Auðar Svansson, Reykjavík
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Rósa Guðbjartsdóttir, Hafnarfirði
Hafsteinn Pálsson, Mosfellsbæ

Ennfremur sátu fundinn Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Dagur B. Eggertsson stýrði fundi í fjarveru Gunnars Einarssonar stjórnarformanns SSH.

Tilfni fundarins var yfirferð yfir meginforsendur fjárhagsáætlunar SORPU bs. fyrir árið 2015 í samræmi við ákvæði í grein 5.2.5. í samþykktri eigendastefnu fyrir byggðasamlagið.

Fyrir fundinum lágu eftirfarangi gögn:

- a) Tillaga að forsendublaði eigenda frá 11. ágúst 2014
- b) Tillaga stjórnar SORPU bs. dags. 16.08.201 „v/forsendur fyrir rekstraráætlun 2015 -2019“

Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. gerði grein fyrir forsendublaði stjórnar sbr. b-lið, og BBS fór yfir forsendublað eigenda. Mat BBS var að gott samræmi væri á milli þessara skjala v. rekstraráætlun byggðasamlagsins.

Umræður.

Í umræðum kom fram að fundarmenn voru sammála um að bygging gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og tengd verkefni væru mikilvægustu þættirnir í áætlun byggðasamlagsins, og mikilvægt væri að stýrihópur v. framkvæmda í Álfsnesi væri virkur og fylgdist með framgangi verkefnisins.

Niðurstaða:

Eigendafundur samþykkti að fyrirbyggjandi áætlun SORPU bs. verði send aðildarsveitarfélögunum með sérstökum fyrirvara um fjármögnun á verkefnum sem tengjast uppbyggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi og tengdum verkefnum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:30

Páll Guðjónsson.